



Kópavogsbær
Skipulagsdeild
Digranesvegur 1
200 Kópavogur

Umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur um mál nr. 960/2025 í skipulagsgátt, Breyting á Aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040. Vatnsendahlíð, Vatnsvík og Kjóavellir. Skipulagslýsing.

Vísað er til máls nr. 960/2025 í skipulagsgátt, Breyting á Aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040. Vatnsendahlíð, Vatnsvík og Kjóavellir. Skipulagslýsing. Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur (HER) hefur farið yfir málið og gögn þess og gefur eftirfarandi umsögn.

HER vill byrja á að benda á að líta þarf til fleiri þátta en tilgreindir eru í kafla 2.3. Forsendugreiningar í skipulagslýsingu. Í lista yfir greiningar sem stendur til að vinna fyrir svæðið til að meta forsendur er aðeins talað um að skoða tengsl uppbyggingar og vatnsverndar en ekki talað um að gera áhættugreiningu vegna vatnsbóla. Slíkt verður að liggja fyrir að mati HER. Eins þarf að skoða hvaða áhrif uppbygging skv. fyrirhuguðu skipulagi hefur á afmörkun vatnsverndarsvæðisins. Forsendur afmörkunar eru byggðar á því að þarna sé til staðar óraskað land. Slíkt mat, framkvæmt af verkfræðistofunni Vatnaskilum, hefur farið fram vegna fyrirhugaðs athafnasvæðis á Hólmsheiði í Reykjavík og lögð til ný afmörkun í kjölfarið. Framkvæmdastjórn um vatnsvernd fellst á þær tillögur og hefur sent þær til svæðisskipulagsins til þess að formleg breyting á afmörkun svæðisins fari fram. Tekið er fram í skilmálum deiliskipulags fyrir Hólmsheiði að litið sé á svæðið sem öryggissvæði fyrir yfirborðsvatn þó formleg uppfærsla á vatnsverndaruppdrætti sé enn í vinnslu.

Annað sem vantar að tilgreina er áhrifamat vatnshlota. Framkvæma þarf slíkt mat vegna allra framkvæmda og skal það gert skv. leiðbeiningum Umhverfis- og orkustofnunar (UOS). Tilgangur með áhrifamati er að setja fram lýsingu á starfsemi/framkvæmd og hvort möguleg áhrif starfsemi/framkvæmdar hafi þau áhrif að umhverfismarkmið vatnshlotsins náist ekki. Umhverfismarkmið vatnshlota eru lagalega bindandi og sýna þarf fram á að þau náist. Óheimilt er að gefa út leyfi fyrir framkvæmdir eða starfsemi ef þær valda því að umhverfismarkmið náist ekki nema ef



að undanþága hafi verið veitt fyrir því. Framkvæma þarf slíkt áhrifamat bæði vegna Elliðavatns en einnig vegna grunnvatns.

Þá vill HER benda á að Elliðavatn hefur verið ástandsflokkað í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns. Skv. reglugerðinni ber sveitarfélögum að halda vatninu í sama ástandsflokki eða bæta vatnsgæði. Ekki er heimilt að orsaka að vatnið fari niður um ástandsflokk.

HER áskilur sér rétt til að koma með frekari athugasemdir á síðari stigum málsins.

Virðingarfyllst

f.h. Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur

Svava S. Steinarsdóttir
Verkefnastjóri



Kópavogur 10.06. 2025

KHK/SMK

One nr. 25061031

Samráðsáætlun

Samráð við skipulag í Vatnsendahlíð og Vatnsvík

Umfangsmikil skipulagsvinna er að fara í gang í Vatnsendahlíð og Vatnsvík í Kópavogi þar sem megintilgangur er að móta nýtt hverfi með vistvænum áherslum í samræmi við markmið aðalskipulags Kópavogs.

Viðfangsefni skipulagsvinnunnar er m.a. að skilgreina nánar uppbyggingu og þéttleika, afmarka lóðir og byggingarreiti, skilgreina fyrirkomulag gatnakerfis, bílstæða, göngu- og hjólastíga, reiðleiða, úti-vistar- og dvalarsvæða, ásamt öðrum þeim ákvæðum og skilmálum sem ástæða verður til að skilgreina í skipulagi. Lagður verður grunnur að vönduðum frágangi bygginga og uppbyggingar innan svæðisins.

Í samráðsáætlun koma fram upplýsingar um áherslur í samráðinu og hvernig kynningu, samráði og aðkomu almennings og annarra hagaðila verður háttað í skipulagsferlinu sem framundan er.

Um er að ræða skipulag, undirbúning og nýbyggingu íbúða í Vatnsendahlíð og Vatnsvík, sem hvoru tveggja eru ný hverfi í efri byggðum Kópavogs. Gera má ráð fyrir að nýir skólar, grunnskóli og leikskóli, munu rísa á svæðinu.

Vinnan felst í eftirfarandi:

- Aðalskipulagsbreyting fyrir Vatnsvík.
- Nýtt deiliskipulag fyrir Vatnsvík.
- Aðalskipulagsbreyting fyrir Vatnsendahlíð.
- Breyting á deiliskipulagi fyrir Vatnsendahlíð.

Öll skipulagsvinnan verður unnin samhliða.



Áherslur í samráðsferlinu

Í samráðsferlinu verður stuðst við handbók Sambands íslenskra sveitarfélaga og verður samráðsaðferðum í fyrsta, öðru og þriðja þrepi þátttökustiga sambandsins beitt, en fyrsta þrepið er upplýsingagjöf og fimmta þrepið ákvörðun ¹



Mynd 1 Yfirlit yfir mismunandi þátttökustig íbúa. Í samráðsferlinu verður leitast við að ná góðu samráði með íbúum og hagsmunaaðilum og samtali með börnum og ungmennum. Mynd tekin úr handbók Sambands íslenskra sveitarfélaga (bls. 5).

Einnig er haft til hliðsjónar nýtt verklag við íbúasamráð í skipulagsmálum í Kópavogi, dagsett 2. júní 2025.

Eftirfarandi áherslur liggja til grundvallar í samráðsferlinu í nýju hverfi í Vatnsendahlíð og Vatnsvík:

Snemmtækt samráð

Samráð hefst strax á fyrstu stigum vinnunnar og fylgir ferlinu alla leið. Sérstök áhersla er lögð á að virkja íbúa við mótun tillagna á vinnslustigi.

Áhersla á gegnsæi og reglubundna endurgjöf

Niðurstöður og framvinda samráðs verða kynntar reglulega í gegnum miðla Kópavogsbæjar og aðra viðeigandi vettvanga. Minnisblað um stöðu samráðs, bæði það sem hefur farið fram og það sem er fram undan, mun fylgja kynningagögnum.

Skilgreining á samráðsglugga

Brýnt er að skýrt sé greint á milli þess sem þegar hefur verið ákveðið og þess sem enn er opið fyrir áhrif og þátttöku íbúa. Með því er tryggt að þátttakendur hafi skýra yfirsýn yfir hvar og með hvaða hætti þeir geti haft áhrif á ákvarðanatökuferlið.

Skýr framsetning á kynningargögnum

Kynningargögn verða sett fram á aðgengilegan og myndrænan hátt, t.d. með gagnvirkum þrívíddarlíkönum, myndböndum og öðrum sjónrænum útfærslum sem auðvelda skilning og þátttöku.

¹ Íbúasamráð í sveitarfélögum og þátttaka íbúa. Anna Guðrún Björnsdóttir, Samband íslenskra sveitarfélaga, 2017.



Breið þátttaka


Sérstök áhersla er lögð á að ná til þeirra hópa sem hafa hingað til tekið síður þátt í samráðsferlum, svo sem ungs fólks og eldra fólks. Markvisst verður unnið að því að virkja alla aldurshópa með fjölbreyttum og aðgengilegum aðferðum.

Samráðsferlið er lifandi og þróast samhliða vinnunni.

Ferlið getur tekið breytingum eftir því sem verkefnið þróast og nýjar upplýsingar eða sjónarmið koma fram. Þannig er stuðlað að því að ferlið sé sveigjanlegt, móttækilegt fyrir ábendingum og í takt við verkefnið hverju sinni.

Samráð í skipulagsferlinu

Áhersla er lögð á samráð við íbúa og aðra hagsmunaaðila á öllum stigum ferlisins. Í eftirfarandi yfirliti er farið yfir helstu þrep skipulagsferlisins, með sérstakri áherslu á hvernig samráð verður nýtt til að efla lýðræðislega þátttöku.



Mynd 2 Tímalína og áfangar í skipulagsferlinu fyrir Vatnsendahlíð og Vatnsvík í Kópavogi.

1. Samráð við upphaf skipulagsvinnu

Skipulagslýsingin er eins konar verkáætlun um mótun skipulags þar sem tildrögum og forsendum skipulagsgerðarinnar er lýst og áherslur sveitarstjórnar dregnar fram. Með skipulagslýsingu er íbúum og öðrum hagsmunaaðilum gefinn kostur á að koma með ábendingar og athugasemdir sem snúa að mál-efnum deiliskipulagsins og komandi skipulagsvinnu.

Vakin verður sérstök athygli á upphafi skipulagsvinnunni í miðlum Kópavogs og öðrum fréttamiðlum.

2. Forkynning - samráð við mótun

Megináhersla í samráðsferlinu verður á forkynningarstigi. Á því stigi gefst umsagnaraðilum, hagsmunaaðilum og almenningi kostur á að leggja fram sjónarmið og ábendingar sem að gagni gætu komið við mótun tillögu að skipulags

Á forkynningarstigi verða nýttar fjölbreyttar samráðsaðferðir til að stuðla að þátttöku og upplýstri umræðu. Samráð og getur tekið breytingum eftir þörfum og aðstæðum í ferlinu.



Í samráðsferlinu verður lögð sérstök áhersla á að ná til eftirfarandi hagsmunahópa, þar sem þátttaka þeirra er talin lykilatriði

Samráð við börn og ungmenni

Leitast verður við að gefa fulltrúum barna og ungmenna rödd í skipulagi með því að halda vinnustofur með fulltrúum þeirra í hverfinu. Sérstök áhersla verður á að fá hugmyndir barna um útfærslur opinna svæða í nýja hverfinu.

Samráð við eldri borgara í Boðáþingi

Nýtt hverfi mun rísa fyrir sunnan við Boðáþing og Guláþing. Haldin verður kynning í félagsmiðstöðinni Boðáþingi og verkefnið kynnt fyrir áhugasömum eldri borgurum.

Samráð við samfélag hestamanna

Samráð verður haft við hestamannafélög á svæðinu með það að markmiði að tryggja að reiðleiðir og aðstaða fyrir hestamenn verði virt og samþætt skipulagi svæðisins.

Samráð við íbúa á Vatnsenda

Haldið verður opið hús og/eða íbúafundir þar sem íbúum gefst tækifæri til að kynna sér skipulagshugmyndir. Einnig verða skoðaðar rafrænar leiðir í samráði. Sérstök áhersla verður lögð á að safna hugmyndum og ábendingum frá íbúum, sem hvattir verða til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri.

3. Tillögur að skipulagi kynntar

Á kynningartíma verður fólk hvatt til að kynna sér skipulagstillögurnar og koma með athugasemdir og ábendingar. Allar innsendar athugasemdir verða metnar með það að markmiði að endurskoða og fullmóta tillöguna eftir því sem við á. Athugasemdum og ábendingum verður svarað skriflega í umsögn sem birt verður samhliða endanlegri tillögu.

4. Skipulag samþykkt

Að lokinni úrvinnslu innsendra athugasemda og ábendinga verða endanlegar tillögur að skipulagi lagðar fyrir skipulags- og umhverfisráð til umfjöllunar. Í kjölfarið fer málið til afgreiðslu í bæjarstjórn. Stefnt er að því að samþykkt skipulagsins fari fram í lok árs 2026. Með samþykktinni öðlast skipulagið formlegt gildi og verður grundvöllur frekari þróunar og framkvæmda á svæðinu.



Samráðsaðilar

Hagaðilagreining

Samráðsáætlun byggir á hagaðilagreiningu, þar sem fram kemur hvernig hagaðilar skiptast í ólíka hópa, hvers eðlis hagsmunir hvers hóps eru og hvaða aðkomu hver hópur þarf að hafa að verkefninu, í samræmi við hagsmunina. Við suma hópa þarf mögulega að hafa náð samstarf meðan aðra nægir að upplýsa um gang mála.

Áhersla á að virkja eftirfarandi hagaðila og tryggja að sjónarmið þeirra komi fram í skipulagsferlinu:

- Hestamenn á svæðinu
- Eldri borgarar í Boðarþingi
- Íþróttafélög; Breiðablik, HK, Gerpla
- Nemendur í Hörðuvalla- og Vatnsendaskólum
- Stjórn félags eldri borgara í Kópavogi
- Hópur eldri borgara sem sækja félagsmiðstöðina Boðarþing
- Íbúar í Gula- og Boðarþingi

Umsagnaraðilar

Í skipulagsferli er umsagnaraðili aðili sem fær formlega beiðni um að veita umsögn. Þetta eru yfirleitt stofnanir, félagsamtök eða aðrir hagsmunaaðilar sem hafa sérþekkingu eða lögbundið hlutverk sem tengist viðkomandi svæði eða málefni.

- | | |
|--|-------------------------------|
| • Skipulagsstofnun | • Veðurstofa Íslands |
| • Betri samgöngur | • Minjastofnun Íslands |
| • Strætó bs. | • Umhverfis- og orkustofnun |
| • Veitur | • Samgöngustofa |
| • Reykjavík | • Vegagerðin |
| • Garðabær | • Náttúruverndarstofnun |
| • Heilbrigðiseftirlit Garðabæjar, Hafnar-
fjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Sel-
tjarnarness | • Náttúrufræðistofnun Íslands |
| • Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur | • Náttúrufræðistofa Kópavogs |
| • Samtök sveitarfélaga á höfuðborgar-
svæðinu | • Hafrannsóknastofnun |
| • Svæðisskipulagsnefnd höfuðborgar-
svæðisins | • Landssamtök Hjólreiðamanna |
| • Skógræktarfélag Kópavogs | • Grænni byggð |
| • Skógræktarfélag Reykjavíkur | • Veiðifélag Elliðavatns |
| | • Orkuveita Reykjavíkur |
| | • Hrafnista Boðarþingi |
| | • Landsnet |



Kópavogsbær

Breyting á Aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040 og breyting á deiliskipulagi/nýtt deiliskipulag.

Vatnsendahlíð, Vatnsvík og Kjóavellir

Lýsing skipulagsverkefna

Lögð fram sbr. 1. mgr. 30. gr. og 1. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Umhverfissvið

Skipulagsdeild

13. júní 2025

Málsnr. One.: 25061031



Efnisyfirlit

1.	Inngangur	1
2.	Forsendur skipulagsáætlana	1
2.1.	Forsendur og markmið	1
2.2.	Skipulagssvæðið og staðhættir	2
2.3.	Forsendugreiningar	3
2.4.	Tengsl við áætlanir	3
2.4.1.	Landsskipulagsstefna 2024-2038	3
2.4.2.	Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins 2040	3
2.4.3.	Aðalskipulag Kópavogs 2019-2040	5
2.4.4.	Staða deiliskipulagsáætlana	5
2.4.5.	Aðrar áætlanir	5
3.	Breyting á aðalskipulagi	5
3.1.	Vatnsendahlíð	8
3.2.	Vatnsvík	8
3.3.	Kjóavellir – þjónustumiðstöð	9
4.	Nýtt deiliskipulag/breyting á deiliskipulagi	9
4.1.	Vatnsendahlíð og Vatnsvík	9
4.2.	Kjóavellir – þjónustumiðstöð	11
5.	Umhverfisáhrif áætlana	11
6.	Kynning og samráð	12
6.1.	Kynning lýsingar	12
6.2.	Samráðsaðilar	12
6.3.	Tímaáætlun	12
6.4.	Samráðsáætlun	12



1. Inngangur

Lögð er fram skipulagslýsing, sbr. 1. mgr. 30. gr. og 1. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, vegna breytingar á Aðalskipulagi Kópavogs 2019 – 2040, breytingar á deiliskipulagi Vatnsendahlíðar – Þing, samþykkt. dags. 13.01.2009 m.s.br., fyrir nýtt deiliskipulag Vatnsvíkur og breytingar á deiliskipulagi Kjóavalla, samþykkt dags. 8. júlí 2008 m.s.br.

Í skipulagsferlinu verður skoðað hvaða fyrirkomulag og framsetning hentar best fyrir verkefnið. Hvort gerð verður ein aðalskipulagsbreyting fyrir öll svæðin eða þeim skipt í minni skipulagsáætlanir. Lagt er upp með að breyting á deiliskipulagi Kjóavalla verði sér breyting. Hins vegar verður í ferlinu tekin ákvörðun um fyrirkomulag skipulagsáætlana fyrir Vatnsendahlíð og Vatnsvík. Þ.e. hvort gert verður nýtt deiliskipulag fyrir Vatnsendahlíð og að það deiliskipulag sem nú er í gildi verði felld alfarið út. Einnig hvort gerðar verði ein, tvær eða fleiri deiliskipulagsáætlanir fyrir Vatnsendahlíð og Vatnsvíkur svæðið. Þá mun afmörkun deiliskipulagssvæða verða skilgreind í skipulagsvinnunni.

Um er að ræða umfangsmikið skipulagsverkefni sem tekur til stórs svæðis. Töluverð undirbúningsvinna er hluti af skipulagsvinnunni og mun hún verða grunnur að aðal- og deiliskipulagsbreytingum. Nánar er fjallað um þær greiningar og rannsóknir sem vinna þarf í forsendukafla lýsingar.

2. Forsendur skipulagsáætlana

2.1. Forsendur og markmið

Breytingar á aðalskipulagi og deiliskipulagsáætlunum eru gerðar til að bæta aðstæður fyrir íbúa sveitarfélagsins, koma til móts við íbúafjölgun og svara þörfum samfélagsins með því að skipuleggja eftirsóknarverð íbúðahverfi í sveitarfélaginu. Íbúðabyggð er skipulögð í góðu samhengi við hverfi í austurhluta Kópavogs. Slík þróun byggðar stuðlar að betri nýtingu innviða. Einnig er forsenda breytinga að finna þarf þjónustumiðstöð Kópavogs nýja staðsetningu sem uppfyllir þarfir starfseminnar. Markmið skipulagsvinnunnar er að móta heildstæða framtíðarsýn fyrir þróun svæðisins með sjálfbærni, náttúruvernd og samfélagslega velferð að leiðarljósi.

Helstu markmið fyrir skipulagsáætlanir eru eftirfarandi:

- Móta heildstæð íbúðahverfi í Vatnsendahlíð og Vatnsvík í samfelldri og vistvænni byggð sem tengist núverandi byggð í Vatnsenda á skilvirkan og aðlaðandi hátt
- Skipuleggja íbúðahverfi í Vatnsendahlíð og Vatnsvík sem uppfyllir nútímakröfur um gæði byggðar með tilheyrandi samfélagslegum innviðum.
- Skipuleggja byggð þar sem byggð og samgöngur eru samþættaðar með áherslu á vistvænar samgöngur, það er almenningssamgöngur og virka ferðamáta.
- Þróa byggð m.t.t. náttúru svæðisins og verndarákvæða innan svæðis m.a. í tengslum við hverfisvernd við Guðmundarlund, hverfisvernd Elliðavatns og öryggissvæðis vegna grunnvatns.
- Móta góð almenningsrými og útivistarsvæði í góðum tengslum við byggð og náttúruna, m.a. leiksvæði, útivistarstíga, reiðleiðir o.s.frv.
- Skipuleggja byggð í Vatnsvík þar sem skipulagi er í dag frestað skv. aðalskipulagi.
- Finna þjónustumiðstöð Kópavogs nýja staðsetningu og skipuleggja með þeim hætti að hún uppfylli kröfur sem gerðar eru til starfseminnar. Þjónustumiðstöðin mun þjóna bæjarlandi og þannig íbúum Kópavogs. Nánar er fjallað um þjónustumiðstöð í kafla 3.3 og 4.2.




Í skipulagvinnunni verður litið til leiðbeininga SSH og Skipulagsstofnunar um sjálfbært skipulag og vistvænar samgöngur í þéttbýli.¹

2.2. Skipulagssvæðið og staðhættir

Vatnsendahlíðin er hæst 154 m.y.s. Svæðið er að mestu óbyggt. Nokkur minni í frístundahús eru á svæðinu. Þá eru nokkur mannvirki í tengslum við Guðmundarlund. Svæðið er í nokkrum halla og hallar úr vestri niður að Elliðavatni. Stór hluti svæðisins er vaxið lúpínur, einnig er á svæðinu graslendi, skóglendi, mólendi og moslendi.

Svæðið sem um ræðir hefur fjölbreytta landnotkun. Innan þess svæðis sem er til skoðunar er skv. aðalskipulagi íþróttasvæði (ÍÞ-7, 8), íbúðarbyggð (ÍB-7), samfélagsþjónusta (S-30, 51), opið svæði (OP-5.25, 5.26, 5.27), óbyggt svæði (ÓB-1) og skógræktar- og landgræðslusvæði (SK-1) (sjá Mynd 4). Á svæðinu er hverfisverndarsvæði Guðmundarlundar (HV-18) Vatnsvík er á svæði þar sem skipulagi var frestað með leyfi umhverfis- og auðlindamálaráðherra dags. 11. júní 2021.



Mynd 1 sýnir afmörkun þess svæðis sem er til skoðunar á loftmynd, með rauðu. Hvítu hringirnir sína grófa staðsetningu þeirra svæða sem til stendur að vinna deiliskipulag eða breytingu á þeim fyrir.

Á svæðinu eru tvö raflínubelti. Annarsvegar Hamarsneslínur 1 og 2 sem ekki stendur til að breyta. Hins vegar er innan Vatnsvíkur svæðis, þar sem skipulagi er frestað, loftlína sem til stendur að færa í jörðu.

Svæðið liggur að vaxtamörkum höfuðborgarsvæðisins, að grannsvæði vatnsverndar og að Elliðavatni. Innan skipulagssvæðisins er skilgreint öryggissvæði vegna grunnvatns. Elliðavatn er hverfisverndað skv. aðalskipulagi (HV-14) og er á B-hluta Náttúruminjasráð skv. 13. gr. laga um náttúruvernd.

¹ Mannlíf, byggð og bæjarrými. Leiðbeiningar um sjálfbært skipulag og vistvænar samgöngur í þéttbýli.



Svæði í Vatnsvík, þar sem skipulagi er frestað, er um 35 ha að stærð. Stærð íbúðasvæðis og svæði fyrir samfélagsþjónustu í Vatnsendahlíð er rúmlega 40 ha. Heildar svæðið sem skipulagslýsingin nær til er um 150.000 ha.

2.3. Forsendugreiningar

Áður en hafin er vinna við skipulag svæðisins er mikilvægt að fram fari greiningar á stöðu svæðisins. Þekktar sprungur og misgengi eru á svæðinu og á svæðinu er öryggissvæði vegna grunnvatns. Þar sem svæðið er við vaxtarmörk höfuðborgarsvæðisins og við hraun sem runnið hafa á nútíma er æskilegt að skoða svæðið með tilliti til hættu á eldsumbrotum.

Mikilvægt er að skoða þá innviði og náttúrugæði sem fyrir eru til að hægt sé að skipuleggja byggð sem er í góðum tengslum við samgöngukerfi Kópavogsbæjar og höfuðborgarsvæðisins í heild. Einnig er mikilvægt að leggja mat á náttúrugæði með það fyrir augum að draga þau fram í skipulagi og uppbyggingu svæðisins.

Til að leggja mat á þær forsendur sem liggja þar að baki stendur til að vinna eftirfarandi greiningar fyrir svæðið:

- Greining á jarðtæknilegum aðstæðum og sprungum..
- Áhættumat vegna náttúruvár
- Áhættumat vegna loftslagsbreytinga
- Skoða tengsl uppbyggingar og vatnsverndar
- Greining á rennislíðum og vatnasviði sem grunnur að hönnun blágrænna ofanvatnslausna
- Samgöngumat
- Landslagsgreining
- Greiningar á náttúrufari

Áhersla er á að hefja þessa greiningu í byrjun skipulagsvinnu en listinn er þó ekki tæmandi og gögnum aflað eins og þurfa þykir í skipulagsferlinu.


2.4. Tengsl við áætlanir

2.4.1. Landsskipulagsstefna 2024-2038


Skipulagsverkefnin eru í samræmi við landsskipulagsstefnu. Svæðið er hluti af samfelldri byggð Kópavogsbæjar. Unnið að því að útfæra byggð þannig að hún sé vel tengd fyrir alla samgöngumáta, að farið sé vel með land og gæði svæðisins. Í vinnunni verður litið til þeirra markmiða sem sett eru fram í stefnunni og stuðlað að framfylgd þeirra.

2.4.2. Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins 2040

Skipulagssvæðið er í jaðri Kópavogsbæjar og liggur nærri vaxtarmörkum höfuðborgarsvæðisins og er innan markanna. Svæðið er rétt utan við samgöngu- og þróunarárs höfuðborgarsvæðisins (sjá Mynd 2) og í beinu framhaldi ássins. Skoðað verður hvernig hægt er að tengja svæðið samgönguásnum.



Mynd 2 sýnir skipulagssvæðið í samhengi við samgöngu- og þróunarás höfuðborgarsvæðisins.

Mynd 3 staðsetning skipulagssvæðis gagnvart vatnsvernd á höfuðborgarsvæðinu.²

Öryggissvæði vegna grunnvatns er á suðurhluta svæðisins (sjá Mynd 3). Í skipulagsferlinu verður samhengi byggðar við vatnsvernd skoðuð.

Um öryggissvæði gildir ³:

„Skipulag byggðar, þ.m.t. íbúðarbyggðar, framkvæmdir og starfsemi innan öryggissvæða skulu vera í samræmi við skipulagsáætlanir. Starfsemi sem getur haft í för með sér mengun er óheimil. Heilbrigðisnefnd er heimilt að víkja frá ákvæði þessu ef metið er að lítil hættu sé á jarðvegs- eða grunnvatnsmengun og sýnt hefur verið fram á fyllstu mengunarvarnir. Aðilar sem hug hafa á framkvæmdum eða rekstri á svæðinu skulu áður en sótt er um starfsleyfi til

² Vatnsvernd á höfuðborgarsvæðinu. Uppdráttur. SSH. 20.02.2015.

³ Heilbrigðissamþykkt nr. 555/2015 um verndarsvæði vatnsbóla innan lögsagnarumdæma Mosfellsbæjar, Reykjavíkurborgar, Seltjarnarnesbæjar, Kópavogsbæjar, Garðabæjar og Hafnarfjarðarkaupstaðar.



framkvæmda skila inn til heilbrigðisnefndar áhættumati er nær bæði til framkvæmda og reksturs.“ (56. gr.)

„Allar framkvæmdir og mannvirkjagerð á öryggissvæðum skulu vera í samræmi við skipulagsáætlanir. Mannvirkjagerð þarf starfsleyfi heilbrigðisnefndar áður en framkvæmdir hefjast. Heilbrigðisnefnd er heimilt að veita tímabundin starfsleyfi vegna rannsókna er tengjast nýtingu svæðisins.“ (59. gr.)

Fjallað verður um samræmi með nákvæmari hætti í skipulagstillögum.

2.4.3. Aðalskipulag Kópavogs 2019-2040

Markmið skipulagsbreytinga eru í samræmi við markmið aðalskipulags að því leyti að það felur í sér að endurskoða íbúðauppbýggingu á svæði sem þegar er skilgreint sem íbúðasvæði með það að markmiði að auka gæði byggðar. Það felur einnig í sér að útfæra byggð á svæði þar sem skipulagi var frestað í samræmi við skilgreiningu skipulagsreglugerðar nr. 90/2013, með leyfi umhverfis- og auðlindamálaráðherra dags. 11. júní 2021.

Góð aðstaða fyrir þjónustumiðstöð bæjarlands er í samræmi við markmið aðalskipulags um gæði byggðar og útivistasvæða enda mikilvæg aðstaða sem gerir sveitarfélaginu kleyft að sinna viðhaldi og öðru sem tengist rekstri bæjarlandsins.

Ekki stendur til að gera stefnumótandi breytingu á aðalskipulagi heldur endurskoða og útfæra nánar þær áætlanir sem gildandi eru á svæðinu. Nánar verður fjallað um samræmi í skipulagstillögum.

2.4.4. Staða deiliskipulagsáætlana

Í gildi er deiliskipulag Vatnsendahlíðar, samþykkt dags. 13.01.2009 m.s.br. Að öðru leyti er ekki deiliskipulag í gildi. Áfram er gert ráð fyrir sambærilegri landnotkun en verður hún útfærð með það að markmiði að auka gæði byggðar.

2.4.5. Aðrar áætlanir

Skipulagsáætlanir eru í samræmi við samgöngusáttmála höfuðborgarsvæðisins, heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna og í góðu samræmi við þær áætlanir sem gilda um svæðið.


Nánar verður fjallað um samræmi við áætlanir í skipulagsáætlunum.

3. Breyting á aðalskipulagi

Töluvert stórt landsvæði er til skoðunar varðandi breytingu á aðalskipulagi. Lykilsvæði eru í raun þrjú (sjá Mynd 4):

- Vatnsendahlíð
- Vatnsvík
- Kjóavellir

Einnig ertu til skoðunar svæði í jöðrum þessar svæða s.s. óbyggt svæði við Stórabás, nálægt sveitarfélagamörkum við Garðabæ, svæði Guðmundarlundar og önnur jaðarsvæði. Í skipulagsvinnunni verður lagt mat á hvort skipulagsgreining leiði í ljós að gera þurfi breytingar á aðalskipulagi fyrir þessi svæði.



Mynd 4 sýnir afmörkun þess svæðis sem er til skoðunar á aðalskipulagsupprætti. Rauð brotalína sýnir heildarsvæðið sem er til skoðunar. Svört afmörkun eru svæði sem eru sérstaklega til skoðunar varðandi deiliskipulag.

Til skoðunar eru svæði á íþróttasvæði; svæði fyrir íbúðarbyggð; samfélagsþjónustu; óbyggt svæði; skógræktar- og landgræðslusvæði; veitur og helgunarsvæði; og svæði þar sem skipulagi er frestað. Tafla 1 sýnir yfirlit yfir og lýsingu svæðanna í gildandi aðalskipulagi.

Þessi svæði eru samliggjandi og þess vegna er sett fram sameiginleg lýsing fyrir breytingu á aðalskipulagi ásamt deiliskipulagsáætlunum þeirra. Mögulegt er að ekki verði þörf á að gera breytingu á aðalskipulagi fyrir einhvern hluta svæðisins og mun ferlið þá enda hér. Það kemur til greina að gerð verði sameiginleg breyting á aðalskipulagi fyrir öll svæðin eða að sérstök breyting á aðalskipulagi verði gerð fyrir hvert svæði o.s.frv.

Tafla 1 sýnir yfirlit yfir þá landnotkunarreiti sem stendur til að gera breytingar á eða við.

Nr.	Heiti svæðis	Lýsing
ÍB-7	Vatnsendi Vatnsendahlíð	Í Vatnsendahlíð, beggja vegna fyrirhugaðrar tengibrautar, (Þingmannaleiðar) er gert ráð fyrir nýju íbúðarhverfi. Svæðið skiptist í þrennt: - Minna svæði vestan fyrirhugaðrar tengibrautar (Þingmannaleiðar). - Stórt svæði austan og sunnan við sömu tengibraut (Þingmannaleið). - Minna svæði austast í hlíðinni, nær Elliðavatni. Gert er ráð fyrir að byggðin verði þéttust á norðvesturhluta svæðisins, beggja vegna tengibrautarinnar. Grunnskóli (S-51) og leikskóli (S-30) eru áætlaðir næst þéttasta hluta byggðarinnar á norðvesturhluta svæðisins. Áætlað er að skólahverfið nái til stærra svæðis. Sjá einnig kafla 6. Samfélagsþjónusta um svæði fyrir leikskóla og svæði fyrir skóla.



Nr.	Heiti svæðis	Lýsing
		Gert er ráð fyrir: - Samtals um 900 íbúðum í hverfinu öllu. Þar af verði um 180 íbúðir byggðar eða - bygging hafin árið 2030. - Blandaðri byggð einbýlishúsa, raðhúsa og fjölbýlishúsa. - Fjölbýli verði á 2 til 12 hæðum auk kjallara og niðurgrafinna bílageymslna. - Einbýlis-, rað- og parhús verði á 1 til 2 hæðum auk kjallara. - Hlutfall íbúða í einbýlis-, rað- og parhúsum er áætlað um 40 %. - Hlutfall íbúða í fjölbýli er áætlað um 60 %. Grænt svæði liggur umhverfis hverfið og teygir sig inn í byggðina. Stærð um 11 ha. Guðmundarlundur er suðvestan og vestan við svæðið. Náttúrufar á þessum svæðum hefur lítið verndargildi en bent er á að æskilegt sé að gera úttekt á fuglalífi áður en til framkvæmda komi. Sjá einnig mynd 2-11 í kafla 2.1.1.3 Áætlun um uppbyggingu íbúða. Stærð svæðis, ÍB-7, um 40 ha.
S-30	Vatnsendahlíð	Óbyggt svæði fyrir leikskóla. Stærð: 1,22 ha.
S-51	Vatnsendahlíð	Svæði fyrir skóla. Stærð: 1,1 ha.
OP-5.25	Rjúpnadalshlíð /Smalaholt	Milli Þinga og Vatnsendahlíðar er opið svæði sem liggur frá vestri til austurs. Reiðstígur liggur um svæðið frá Kjóavöllum og göngustígur er fyrirhugaður. Stærð: 9,15 ha.
ÍB-7	Kjóavellir	Nýtt íþróttasvæði tengt hestaíþróttum á Heimsenda og Kjóavöllum. Svæðið var áður skilgreint sem verslun og þjónusta og var minna. Stærð svæðis um 3-4 ha. Afmarka þarf svæðið nánar og vinna deiliskipulag. Stærð: 6 ha.
ÍB-8	Kjóavellir	Hestamannafélagið Sprettur hefur aðsetur á Kjóavöllum og Heimsenda. Svæðið er í kvosinni á milli Vatnsendahlíðar, Rjúpnahæðar og Sandahlíðar. Auk hesthúsa og aðstöðu fyrir hestamenn er á svæðinu keppnishöll, útiþléttisvelli, skeiðbrautir, áhorfendapallar og dómarasvæði. Stærð: 20 ha
OP-5.26	Vatnsendahlíð	Svæði sem liggur frá suðvestri til norðausturs að Elliðavatni frá Guðmundarlundi. Stærð: 1,60 ha.
OP-5.27	Guðmundarlundur	Árið 1997 fékk Skógræktarfélag Kópavogs til umsjónar landsspildu við Stórabás á Vatnsenda sem þá var 6,5 ha. Guðmundarlundur er nú um 11 ha að stærð. Þar er m.a grillaðstaða, leiksvæði og garður sem tileinkaður er Hermanní Lundholm, fyrsta garðyrkjumanninum sem ráðinn var til Kópavogsbæjar. Þar er einnig umhverfissetur sem er sameign Kópavogsbæjar og Skógræktarfélags Kópavogs. Guðmundarlundur er hverfisverndaður HV-18. Stærð: 17,96 ha.
HV-14	Elliðavatn	Skilgreint sem hverfisverndað (bæjarverndað) svæði vegna fjölbreytts dýralífs sem þar þrífst og vegna mikilvægis vatnsins til útivistar. Verndin nær frá fjöruborði og að sveitarfélagamörkum



Nr.	Heiti svæðis	Lýsing
		Kópavogs og Reykjavíkur um miðbik vatnsins. Í aðalskipulaginu er gert ráð fyrir aðalstíg meðfram vatninu og áningarstöðum við hann. Meðfram Elliðavatni er að jafnaði 50 metra breitt belti sem er eins konar helgunarsvæði vatnsins. Þar eru ekki heimilaðar nýjar lóðir fyrir íbúðarhús. Landnotkun á helgunarsvæðinu einkennist af því að það er að mestu leyti óbyggt svæði, en að hluta til landbúnaðarland Vatnsenda, trjárækt og útivistarsvæði Sjálfsbjargar. Stærð: 92,11 ha.
HV-15	Trjálundur við Laxatanga	Ræktun hófst á fjórða áratug 20. aldar og eru til góðar og ítarlegar heimildir um ræktun þar frá upphafi. Trjágróður er fjölbreyttur, m.a. nokkur af elstu sitkagrenitrjám landsins. Stærð: 0,54 ha.
HV-18	Guðmundarlundur	Samkvæmt samningi við Skógræktarfélag Kópavogs 2006 hefur Skógræktarfélagið umsjón með landsspildunni og sér um gróðursetningu og umhirðu plantna en í náinni samvinnu við Kópavogsbæ. Guðmundarlundur er alls um 11 hektarar sem nýta ber til skógræktar og útivistar. Skógurinn er eitt af útivistar- og skógræktarsvæðum Kópavogs og er þar að finna ýmsa aðstöðu til útivistar. Lundurinn er í sífældri uppbyggingu og er unnið að því að bæta hana til muna meðal annars með byggingu félags- og þjónustuhús fyrir Skógræktarfélag Kópavogs. Stærð: 10,82 ha.

Yfirlit yfir svæði þar sem kemur til greina að breyta aðalskiplagi og lýsing þeirra skv. aðalskipulagi Kópavogs er sýnd í töflu (Tafla 1). Áhersla er á svæðin þrjú, Vatnsendahlíð, Vatnsvík og Kjóavelli.

3.1. Vatnsendahlíð

Stærsti hluti svæðisins er skilgreindur sem íbúðabyggð með samfélagsþjónustu og opið svæði í gildandi aðalskipulagi. Svæðið í dag er afmarkað með nákvæmum hætti um deiliskipulag svæðisins sem til stendur að endurskoða, sbr. umfjöllun í kafla 4.1. Þá er lögð áhersla á að endurskoða samgöngukerfi svæðisins m.t.t. þess að stuðla að samgöngumiðuðu skipulagi þar sem svæðið er skipulagt með áherslu á góðar samgöngutengingar fyrir alla ferðamáta.

Í skipulagsferlinu verður skoðað hvort gera þurfi frekari breytingar á aðalskipulagi til að stuðla að markmiðum fyrir svæðið, sbr. kafla 2.1. Skoðað verður hvort æskilegt er að gera breytingu á landnotkun til að uppbygging á svæðinu verði í samræmi við markmið skipulagsbreytinga.

Gert er ráð fyrir að settir verði skilmálar um eftirfarandi atriði:

- Fjöldi íbúða, fyrirkomulag byggðar og hæðir bygginga
- Fyrirkomulag útivistarsvæða og tengsl byggðar við náttúru
- Bílastæðaviðmið
- Fyrirkomulag og áherslur fyrir samgöngukerfi.

3.2. Vatnsvík

Í gildandi aðalskipulagi er skipulagi frestað í Vatnsvík. Í skipulagsvinnunni stendur til að afmarka þar svæði fyrir íbúðabyggð og mögulega tengda starfsemi, sbr. markmið skipulagsvinnu í kafla 2.1. Gert er ráð fyrir að næst Elliðavatni verði afmarkað opið svæði og eftir atvikum á öðrum svæðum. Skoðað verður að breyta landnotkun fyrir rafmagnsloftlínu, en gert er ráð fyrir að sú lína verði færð í jörðu.



Skilgreina þarf samgöngutengingar að Vatnsvík. Samgöngur í Vatnsvík verða skoðaðar í samhengi við núverandi byggð og skipulag Vatnsendahlíðar.

Lögð verður sérstök áhersla á að skipuleggja svæðið m.t.t. nálægðar við Elliðavatn, hverfisverndar, nálægðar við öryggissvæði vegna grunnvatns og jarðfræði á svæðinu, þar sem eru þekktar sprungur og misgengi.

Settir verða skilmálar um eftirfarandi atriði:

- Fjöldi íbúða, fyrirkomulag byggðar og hæðir bygginga
- Fyrirkomulag útivistarsvæða og tengsl byggðar við náttúru
- Bílastæðaviðmið
- Fyrirkomulag og áherslur fyrir samgöngukerfi.

3.3. Kjóavellir – þjónustumiðstöð

Kjóavellir eru í dag skilgreindir sem íþróttasvæði. Til skoðunar er að koma fyrir stafsemi þjónustumiðstöðvar fyrir Kópavogsbæ á svæði sem er í dag skilgreint sem íþróttasvæði (ÍÞ-7).

Til skoðunar er að afmarka hluta svæðisins fyrir athafnasvæði þar sem hægt verður að byggja upp þjónustumiðstöð. Þjónustumiðstöð tengist rekstri bæjarlandsins og felur í sér að koma þarf fyrir vélaverkstæði, skrifstofu- og starfsmannaaðstöðu; geymslum, efnislager o.fl.

Áður en tillaga að aðalskipulagi verður auglýst mun fara fram þarfagreining varðandi þær forsendur sem þurfa að vera til staðar fyrir nýja þjónustumiðstöð og lagt verður mat á hvort að Kjóavellir séu ákjósanleg staðsetning fyrir þjónustumiðstöð. Sé svæðið við Kjóavelli ákjósanleg staðsetning verður gerð breyting á aðalskipulagi og samhliða unnin breyting á deiliskipulagi Kjóavalla.

4. Nýtt deiliskipulag/breyting á deiliskipulagi

Eins og í umfjöllun um aðalskipulag skiptist deiliskipulagsvinnan í þrjú megin svæði. Áherslur fyrir Vatnsendahlíð og Vatnsvík eru sambærilegar og því fjallað um þær samhliða.

4.1. Vatnsendahlíð og Vatnsvík

Unnið verður deiliskipulag fyrir Vatnsvík og Vatnsendahlíð. Ekki er deiliskipulag í gildi í Vatnsvík en í Vatnsendahlíð er í gildi deiliskipulag Vatnsendahlíðar dags. 13. janúar 2009 m.s.br (Mynd 5).

Í skipulagsferlinu verður lagt mat á hvernig er heppilegast að skipta svæðinu upp. Hvort að gert verði deiliskipulag sem tekur til svæðisins í heild eða því skipt upp í tvær eða fleiri deiliskipulagsáætlanir. Til skoðunar er að fella gildandi deiliskipulag út í heild og að nýtt deiliskipulag taki gildi fyrir Vatnsendahlíð. Sú útfærsla sem talin er líklegust að stuðla að gæðum byggðar og líklegt til að vera skilvirkt og vandað stjórnþæki verður fyrir valinu.



Mynd 5 sýnir uppdrátt deiliskipulags Vatnsendahlíðar, dags. 13.01.2009 m.s.br.

Viðfangsefni deiliskipulagsvinnunnar er að móta heildstæða, vistvæna og aðlaðandi byggð sem tekur mið af náttúru, samfélagi og núverandi innviðum. Lögð er áhersla á hugmyndafræði um 20 mínútna hverfið. „Áherslur 20 mínútna hverfisins draga úr þörf fyrir bæði lengri og styttri bílferðir og eiga að gera sem flestum kleift að fara erinda sinna gangandi eða hjólandi.“

Helstu viðfangsefni deiliskipulags eru eftirfarandi:

Þéttleiki og gæði byggðar

- Skilgreina byggð með þéttleika sem hentar svæðinu.
- Skilgreina tegundir íbúða með áherslu á fjölbreytt íbúðaform og húsagerðir sem mæta þörfum ólíkra hópa.
- Skilgreina byggðamynstur sem styður við samgöngukerfi og stuðlar að myndin góðra almenningsrýma.
- Setja skilmála um ásýnd byggðar og frágang lóða.
- Forgangsraða landi með hagkvæmum hætti svo nægt land verði fyrir útivistarsvæði og græna geira.

Samgöngur

- Að mótað verði heildstætt samgöngukerfi sem styður við öruggar og skilvirkar samgöngur fyrir alla ferðamáta.
- Áhersla er á hugmyndafræði 20 mínútna hverfisins, þar sem íbúar geta sinnt helstu daglegu þörfum í göngu- eða hjólaferi frá heimili sínu og dregið er úr þörf fyrir ferðir með einkabíl.
- Huga að samþættingu byggðar við samgöngur með áherslu á að fyrirkomulag byggðar stuðli að nýtingu almenningssamgangna og fjölbreyttra ferðamáta.

**Almenningsrými og græn svæði**

- Setja skilmála um gæði opinna svæða og útfæra heildstætt net slíkra svæða.
- Skilgreina leik-, útivistar- og dvalarsvæði sem tengjast náttúru og gæðum svæðisins og stuðla að heilbrigðu og virku samfélagi. S.s. gönguleið meðfram vatni, sleðabrekka og hundagerð.
- Tryggja tengingu við náttúruverndarsvæði og vatnsvernd, með áherslu á að þróun byggðar fari fram í sátt við viðkvæm vistkerfi og verndarsvæði.
- Skilgreina stígakerfi svæðisins m.t.t. göngu- hjóla og reiðstíga.
- Skoða útfærslu blágrænna ofanvatnslauna.

4.2. Kjóavellir – þjónustumiðstöð

Á svæðinu er í gildi deiliskipulag Kjóavalla, samþykkt dags. 8. júlí 2008 m.s.br. Fjölmargar breytingar hafa verið gerðar á deiliskipulagi svæðisins. Um er að ræða sameiginlegt deiliskipulag Kópavogs og Garðabæjar. Mikilvægt er að vinna breytingu á deiliskipulagi í góðu samráði við Garðabæ.

Skipulagsvinna fyrir þjónustumiðstöð byggir eins og fyrr segir á þarfagreiningu. Leiði greining til þeirrar niðurstöðu að þjónustumiðstöð verði fundinn staður á Kjóavöllum, sbr. umfjöllun í kafla 3.3, verður gerð breyting á deiliskipulagi svæðisins. Í deiliskipulagsbreytingu verður fjallað um eftirfarandi þætti:

- Fyrirkomulag bygginga og mannvirkja. Fermetrafjöldi og hæðir húsa.
- Skilmálar um eðli þeirrar starfsemi sem heimil er á svæðinu.
- Fyrirkomulag aðkomu, girðinga og skilmálar varðandi fráveitu.

5. Umhverfisáhrif áætlana

Lagt verður mat á umhverfisáhrif aðalskipulagsbreytingarinnar í samræmi við lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Markmiðið með umhverfismatsskýrslu er að meta áhrif á umhverfi og samfélag og móta skipulag sem dregur úr neikvæðum áhrifum og styður við sjálfbæra þróun.

Fjallað verður um umhverfisáhrif í samræmi við umhverfisskýrslu Aðalskipulags Kópavogsbæjar 2019-2040 fyrir aðalskipulagsbreytingu. Í deiliskipulagi verður fjallað um viðeigandi umhverfisþætti sem tengjast deiliskipulagsáætlum.

Náttúrufar Lagt verður mat á hvort breyting er líkleg til að hafa áhrif á náttúrufar svæðisins. Lagt verður mat á áhrif á lífríki (gróður og dýr), vatnafar, jarðfræði og jarðmyndanir og náttúruminjar.

Samfélag Lagt verður mat á áhrif á félagslegt umhverfi, heilsu, öryggi, menningarminjar, yfirbragð byggðar.

Hagrænir þættir Lagt er mat á hvort að breytingin er líkleg til að hafa áhrif á hagræna þætti.

Auðlindir Lagt verður mat á hvort breytingin er líkleg til að hafa áhrif á landrými og landslag, verndarsvæði, útivistarsvæði, sorpförgun, orku og jarðefnanotkun.

Andrúmsloft Lagt verður mat á hver líkleg áhrif eru á loftgæði og losun gróðurhúsalofttegunda.



6. Kynning og samráð

6.1. Kynning lýsingar

Lýsingin verður kynnt á vefsíðu Kópavogsbæjar undir „Skipulag og framkvæmdaleyfi í kynningu“. Lýsingin verður sett inn á skipulagsgátt og umsagnaraðilar munu fá umsagnarbeðni í gegnum skipulagsgáttina.

Umsagnaraðilar og aðrir hagsmunaaðilar munu geta sent inn umsögn eða athugasemd í gegnum skipulagsgáttina. Ef spurningar vakna um lýsingu er hægt að óska eftir frekari upplýsingum hjá skipulagsfulltrúa Kópavogsbæjar í gegnum netfangið skipulag@kopavogur.is.

6.2. Samráðsaðilar

Helstu samráðs- og umsagnaraðilar í ferlinu eru:

- Skipulagsstofnun
- Betri samgöngur
- Strætó bs.
- Veitur
- Reykjavík
- Garðabær
- Heilbrigðiseftirlit Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness.
- Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur
- Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu
- Svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins
- Skógræktarfélag Kópavogs
- Skógræktarfélag Reykjavíkur
- Veðurstofa Íslands
- Minjastofnun Íslands
- Umhverfis- og orkustofnun
- Samgöngustofa
- Vegagerðin
- Náttúruverndarstofnun
- Náttúrufræðistofnun Íslands
- Hafrannsóknastofnun
- Landssamtök Hjólreiðamanna
- Grænni byggð
- Veiðifélag Elliðavatns
- Orkuveita Reykjavíkur
- Íbúar á svæðinu
- Hrafnista Boðapingi
- Landsnet
- Íþróttafélög, Breiðablik, HK, Gerpla

6.3. Tímaáætlun

Lagt er upp með að tímasetningar við breytingu á aðalskipulagi verði eftirfarandi. Tímasetningar geta tekið breytingum í samræmi við þróun verkefnisins.

- | | |
|-----------------------|--|
| Jún 2025 | Skipulagslýsing auglýst |
| Ágú – des 2025 | Unnið að breytingu á aðalskipulag samhliða deiliskipulagsvinnu. |
| Feb 2026 | Vinnslutillaga að aðalskipulagi og vinnslutillaga deiliskipulags auglýst. |
| Apr 2026 | Breyting á aðalskipulagi send til yfirferðar hjá Skipulagsstofnun |
| Ágúst 2026 | Tillaga að breytingu á aðalskipulagi auglýst samhliða breytingu á deiliskipulagi. Í kjölfarið er unnið úr athugasemdum sem berast. |
| Des 2026 | Breyting á aðalskipulagi tekur gildi ásamt deiliskipulagi. |

6.4. Samráðsáætlun

Unnin hefur verið samráðsáætlun fyrir samráð við skipulag í Vatnsendahlíð og Vatnsvík, sjá í viðauka. Ekki er gerð sérstök samráðsáætlun vegna skipulagsvinnu fyrir Kjóavelli en þar verður samráð með hefðbundnum hætti, sérstaklega m.t.t. hestamannafélaga og íþróttastarfsemi á svæðinu.



Í Samráðsáætlun fyrir Vatnsendahlíð og Vatnsvík er gerð grein fyrir því hvernig áætlað er að samráði verði háttað. Samráðsáætlun getur tekið breytingum eftir því sem verkefninu vindur fram og mun sveitarfélagið bregðast við þeim viðfangsefnum sem koma upp í skipulagsferlinu með viðeigandi samráðsaðferðum. Íbúar eru hvattir til að kynna sér samráðsáætlun og eftir atvikum koma skoðunum sínum varðandi hana á framfæri á kynningartíma lýsingar.